

REGLUGJÖRÐ

um

hundahald í Stykkishólmskaupþúni.**68**

6. ágúst

1. gr.

Bannað er öllum íbúum Stykkishólmskaupþúns að halda hunda. Þó skulu undanskildir þessu banni ábúendur á grasbýlunum Vík, Viðvík, Nesi og Ási. Skal þeim leyfilegt að halda einn hund hverjum.

Skylt er hundaeigendum að hlíta ákvæðum reglugjörðar, fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, um lækningu hunda af bandormum o. fl., frá 15. júní 1918.

2. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum frá 50—500 kr., og hver hundur rjettdræpur, sem fyrirfinst á kaupþúnslóðinni, nema hann fylgi aðkomumanni.

3. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 15. september 1925, og skulu hundaeigendur hafa komið hundum sínum úr kaupþúninu, eða drepið þá, fyrir þann dag.

Reglugjörð þessi, sem samín er af hreppsnefnd Stykkishólmshrepps samkv. lögum nr. 8, 4. júní 1924, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 15. september 1925.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 6. ágúst 1925.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson,